



214. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 29. ágúst 2013 kl. 16:00.

Mættir: Lárus Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Jón Gestur Viggósson, Ingi Þór Ágústsson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson 1. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Skipan í Laganefnd ÍSí og Krullunefnd ÍSí

Lögð fram tillaga um Snorra Olsen sem formann Laganefndar ÍSí, í stað Lárusar L. Blöndal sem ekki getur lengur gegnt embættinu í ljósi þess að hann hefur tekið við forsetaembætti ÍSí. Tillagan samþykkt. Með Snorra í Laganefnd ÍSí eru Arnfríður Einarisdóttir og Guðmundur Pétursson.

Tekið fyrir erindi Krullunefndar ÍSí um breytta skipan nefndarinnar. Samþykkt að skipa eftirtalda í nefndina:

Hallgrímur Valsson formaður

Jón Ingi Sigurðsson

Ólafur Freyr Númason

Skrifstofu falið að senda út skipunarbréf til ofangreindra.

2. Skipan fulltrúa ÍSí í starfshóp um stefnumörkun um þjóðarleikvanga

Samþykkt að skipa Líneyju Rut Halldórsdóttur framkvæmdastjóra sem fulltrúa ÍSí í starfshópinn í stað Ólafs heitins Rafnssonar. Skrifstofu falið að senda bréf þess efnis til mennta- og menningarmálaráðuneytis.

3. Skipan í vinnuhóp ÍSí um skattamálefni íþróttahreyfingarinnar

Búið var að skipa fulltrúa úr framkvæmdastjórn ÍSí í hópinn en nú liggur endanleg skipan hans fyrir. Samþykkt að vinnuhópin skipi:

Gunnar Bragason formaður

Gunnlaugur Júlíusson

Guðmundur Ágúst Ingvarsson

Guðrún Inga Sívertsen

Friðgeir Sigurðsson

Jón Karl Ólafsson

Skrifstofu falið að senda út skipunarbréf til ofangreindra.

4. Formannafundur ÍSí

Samþykkt að halda Formannafund ÍSí 29. nóvembernk. í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

5. Ólympísk verkefni

Friðrik Einarsson skýrði frá því helsta í undirbúningi þeirra ólympísku verkefna sem framundan eru.

Sochi 2014

Lögð fram tillaga Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ um Andra Stefánsson sem aðalfararstjóra á Vetrarólympíuleikunum í Sochi 2014. Tillagan samþykkt.

YOG, Nanjing 2014

Undirbúningur er á áætlun.

6. Smáþjóðaleikar 2015

Helga Steinunn Guðmundsdóttir fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning fyrir Smáþjóðaleikana 2015. Skipulagsnefndin fundaði í morgun og voru þar lögð fram fyrstu drög að fjárhagsramma leikanna. Úttekt á mannvirkjum lýkur í næstu viku og fundað verður með viðkomandi sérsamböndum ÍSÍ á næstu vikum.

7. Heiðranir

Engar tillögur lágu fyrir.

Forseti beindi því til Heiðursráðs ÍSÍ að undirbúa tillögu til framkvæmdastjórnar ÍSÍ um næstu útnefningu í Heiðurshöll ÍSÍ.

8. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 213. fundur framkvæmdastjórnar
- 16., 17., og 18. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- 112. fundur Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ frá 21. ágúst 2013
- 73. Fundur Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ frá 19. ágúst í 2013

Að auki voru tekin fyrir lög Einherja, sem sótt hefur um aðild að Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Lög félagsins staðfest með fyrirvara um neðangreindar lagfæringar:

1. Ekki er hægt að sjá að lög þessi hafi verið samþykkt á aðalfundi (stofnfundi) félagsins. Fram kemur að þessi lög hafi verið samþykkt af stjórn á stjórnarfundum þann 11. 11. 2012.
2. Í þessum lögum er í 3. gr. fjallað um tilgang félagsins en þar sendur m.a. „ kennsla á Taekwondo íþróttinni og skyldum greinum“. Nokkuð óljóst er hvað fellst í skyldum greinum. Æskilegt væri ef orðin „og skyldum greinum“ væru felld út.
3. Í 7. gr. umræddra laga segir að halda skuli aðalfund eigi síðar en 1. desember ár hvert. Starfstímabil félagsins er almanaksárið og því er skv. þessu ekki verið að halda aðalfund og leggja fram reikninga til samþykktar fyrr en allt að 11 mánuðum eftir að starfstímabili lýkur. Til viðbótar, þá segir í lögum ÍBR (7. gr.) að aðildarfélög skuli fyrir 1. júní ár hvert skila ársskýrslu og árituðum endurskoðuðum ársreikningi til bandalagsins. Þetta virðist því ekki ganga upp. Félagið þyrfti samkvæmt þessu að halda aðalfund eigi síðar en 15. maí ár hvert.

9. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

10. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Ákveðið að næstu fundir framkvæmdastjórnar verði haldnir 19. september, 17. október og 28. nóvember.

11. Önnur mál

Íþróttamaður ársins

Sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna þar sem tilkynnt verður um íþróttamenn og íþróttakonur ársins 2013 og kjöri um Íþróttamann ársins 2013 verður lýst, verður haldið í Gullhömrum í Grafarholti 28. desember nk.

Hjólum í skólann

Nýr vefur, www.hjolumiskolann.is, hefur verið opnaður í tengslum við átakið Hjólum í skólann sem er nýtt hvatningarátak Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ í framhaldsskólum landsins. Átakið hefst 16. september nk. og stendur til 20. september.

Þakkar- og kveðju bréf dr. Jacques Rogge, forseta IOC

Lagt fram þakkar- og kveðjubréf dr. Jacques Rogge, fráfarandi forseta IOC. Nýr forseti verður kosinn í byrjun september nk. Sex einstaklingar eru í framboði til embættisins.

Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að búið væri að ráða Erlu Scheving Halldórsdóttur í stað Berglindar Guðmundsdóttur sem sagt hefur upp starfi sínu sem bókari/gjaldkeri vegna náms. Haldið verður kveðjukaffi fyrir Berglindi í kaffiteríunni á morgun þar sem henni verður færð gjöf frá stjórn og starfsfólki með þakklæti fyrir frábær störf í 14 ár.

Framkvæmdastjóri skýrði einnig frá breytingum í starfsmannahaldi hjá Almenningsíþróttasviði. Jóna Hildur Bjarnadóttir sviðsstjóri fylgir manni sínum til náms í Swansea í vetur en hún mun þó sinna hlutastarfi í fjarvinnu á meðan. Sigríður Inga Viggósdóttir sem starfaði í afleysingum hjá sviðinu í fyrra hefur verið ráðin tímabundið í fullt starf sem sviðsstjóri og Kristín Lilja Friðriksdóttir verkefnastjóri verður í hlutastarfi hjá ÍSÍ, bæði í verkefnum fyrir Almenningsíþróttasviðið og Felix.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari